

Nítjándi fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar  
Fundurinn haldinn 17. október 2013 kl. 8.30 við Hlíðarveg.

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Sigurður Ægisson fulltrúi foreldrafélags, Brynhildur Vilhjálmsdóttir fulltrúi kennara, Sæbjörg Ágústsdóttir fulltrúi starfsmanna. Fyrir hönd nemendaráðs skólans mættu Ívan Darri Jónsson og Óskar Helgi Ingvason. Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri stjórnaði fundi.

1. Skipan skólaráðs 2013-2014  
Eftirtaldir skipa skólaráð auk nemenda úr nemendaráði skólans.  
Brynja Hafsteinsdóttir fulltrúi foreldra í skólaráði  
Sigurður Ægisson fulltrúi foreldrafélags  
Brynhildur Vilhjálmsdóttir fulltrúi kennara  
Sigurbjörg Bjarnadóttir varamaður kennara  
Sæbjörg Ágústsdóttir fulltrúi starfsmanna skólans  
Kristín Anna Guðmundsdóttir varamaður starfsmanna skólans  
Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri
2. Fundaáætlun skólaráðs á skólaárinu  
Áætlaðir fundir skólaráðs 2013-2014 verða eftirtalda daga við Hlíðarveg kl. 8.30  
17. október, 7. nóvember, 5. desember, 16. janúar, 5. febrúar OPINN FUNDUR FYRIR  
FORELDRA í Tjarnarborg, 20. mars og 8. maí.
3. Árskýrsla GF 2012-2013  
Fundarmenn fengu árskýrslu skólans afhenta á fundinum. Farið var yfir nokkur atriði.  
Fram komu athugasemdir um misræmi í gsm reglum og villur sem þarf að laga.  
Fundarmenn hvattir til að koma frekari ábendingum um það sem betur má fara á  
framfæri við skólastjórnendur svo hægt verði að koma henni á heimasíðu skólans.
4. Starfsáætlun 2013-2014  
Farið yfir starfsáætlunina. Fram komu nokkrar athugasemdir og hugsanlegar villur  
sem þarf að skoða betur.
5. Önnur mál  
Rætt um greiðslur fyrir setu í skólaráði. Foreldrafulltrúi benti á að skólaráð starfar  
lögum samkvæmt og er opinber stjórnsýslunefnd og ætti að vera launuð nefnd.  
Ákveðið að skólaráð sendi bréf til bæjarráðs þar sem þess er óskað.

Fundi slitið kl. 9.15

Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.